

5.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 10.maí 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi í forföllum AB Norðurfirði, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð. Vegna erinda sem borist hafa eftir að fundarboð var sent út það oddviti í upphafi fundar leyfis til að leggja fram þrjú mál til viðbótar. Hreppsnefnd samþykkti beiðnia og verða þessi mál tekin fyrir sem nr. 10, 11 og 12.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar ársins 2018, seinni umræða. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf verður á línunni.
2. Tilboð í viðgerð á Finnbogastaðaskóla, gerð viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna þessa.
3. Kjör fulltrúa Árneshrepps í stjórn Sorpsamlagsins.
4. Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga varðandi lög um opinber innkaup.
5. Vestfjarðavíkingurinn, bréf til hreppsnefndar varðandi styrkumsókn.
6. Bréf frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, lagt fram til kynningar og umræðu.
7. Umráðasvæði Norðurfjarðarhafnar, varðandi vegalögn á milli bryggja og fl.
8. Endurheimtur votlendis, bréf lagt fram til kynningar.
9. Breytingar Þjóðskrár Íslands á jarðaheitum og fleira. Lagt fram til kynningar og umræðu.
10. Bréf frá Vegagerðinni vegna Samgönguáætlun vegna framkvæmda við hafnir og vegna landbrots.
11. Dómur í Héraðsdómi Vestfjarða í máli gegn Árneshreppi., kveðinn upp í dag 10.maí 2019.
12. Bréf frá Skipulagsstofnun til skipulagsfulltrúa Árneshrepps, varðandi skipulagsmál að Dröngum.

1. Ársreikningar ársins 2018, seinni umræða. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg var með í síma. Farið var yfir Endurskoðunarskýrslu, ársreikning og sundurliðun ársreikninga. Oddviti og hreppsnefndarmenn árituðu Ársreikninginn og oddviti undirritaði staðfestingarbréf. Þar með lauk seinni umræðu um Ársreikninga ársins 2018.

2.Tilboð í viðgerð á Finnbogastaðaskóla, gerð viðauka við fjárhagsáætlunar ársins 2019. Oddviti lagði til hækkun um kr. 5.000.000,- og var það samþykkt af hreppsnefnd. Því er eftirfarandi bókað;

Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019 lagður fram. Oddviti gerði grein fyrir forsendum viðaukans. Í viðaukanum er gert ráð fyrir að viðhaldskostnaður í Eignasjóði hækki um 5,0 millj.kr. vegna viðhalds á Finnbogastaðaskóla. Viðaukinn verður fjármagnaður með handbæru fé. Áætlaður rekkstrarafgangur sveitarfélagsins lækkar í 7,8 millj.kr.

3. Kjör fulltrúa Árneshrepps í stjórn Sorpsamlagsins. Oddviti var kosinn í stjórn Sorpsamlagsins út kjörtímabilið.

4.Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfélaga varðandi lög um opinber innkaup. Bréfið lagt fram til kynningar og umræðu.

5.Vestfjarðavíkingurinn, bréf til hreppsnendar varðandi styrkumsókn. Ákveðið var að skoða máið og ræða við Magnús Ver og fleiri.

6.Bréf frá Stofnun Árna Magnússonar í ísl.fræðum, lagt fram til kynningar og umræðu. Í ljósi ýmissa atriða sem komið hafa frá Þjóðskrá nú nýverið er ágætt að hafa þessar upplýsingar.

7. Umráðasvæði Norðurfjarðarhafnar, vegalögn á milli bryggja og fleira. Málin vorur rædd og ákveðið að oddviti, og landeigendur Krossness og Steinstúns/Njálstaða myndu gera með sér samning varðandi svæðið. Áfram verður unnin í málinu.

8. Endurheimt votlendis, bréf lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd getur ekki skipt sér af áætlunum um að fylla upp í skurði á einkajörðum.

9. Breytingar Þjóðskrár Íslands á jarðaheitum og fleira. Lagt fram til kynningar og umræðu. Oddviti muni svara bréfi Þjóðskrár frá 2.maí 2019.

10. Bréf frá Vegagerðinni vegna Samgönguáætlunar vegna hafna og landbrots. Oddviti mun skrifa Vegagerðinni innan uppgefins frests vegna landbrots í Árneshreppi.

11. Dómur í Héraðsdómi Vestfjarða í máli Elíasar Svavars Kristinssonar og Ólafs Valssonar gegn Árneshreppi, kveðinn upp í dag 10.maí 2019. Dómur í Máli nr. E-59/2018 féll Árneshreppi í vil.

12. Bréf frá Skipulagsstofnun til skipulagsfulltrúa Árneshrepps varðandi skipulagsmál að Dröngum. Hreppsnefnd vill að gefnu tilefni taka fram, að Árneshreppur hefur ekki uppi nein áform um friðlýsingu jarðarinnar Dranga, heldur einungis skipað fulltrúa í starfshóp, að beiðni Umhverfisstofnunar.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið kl. 17:15

